

hvað? hvar? hvenær?

18 19 20 21 22 23 24
Sunnudagur

TONLEIKAR

16.00 Mozart fyrir sex. Óperusöngvararnir Hulda Björk Garðarsdóttir, Sesselja Kristjánsdóttir og Davíð Ólafsson flytja verk eftir Mozart ásamt Chalumeaux-tríóinu í Laugaborg í Eyjafjarðarsveit.

20.00 Á fyrstu tónleikum Kamm-ermúsíklúbsins á þessu starfsári flytur Epos-kvartettinn ásamt Þórunni Ósk Marinósdóttur lágfiðluleikara og Monu Sandström píanóleikara verk eftir Jón Ásgeirsson, Mozart og Dvorak. Tónleikarnir verða haldnir í Bústaðakirkju.

LEIKLIST

14.00 Dýrin í Hálsaskógi eftir Thorbjörn Egner sýnd á Stóra sviði Þjóðleikhússins.

14.00 Lab Loki sýnir í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsinu barnaleikritið „Baulaðu nú...“ Dagur í lífi Kristínar Jósefinu Páls.

14.00 Lína Langsokkur eftir Astrid Lindgren verður á Stóra sviði Borgarleikhússins.



17.00 Dýrin í Hálsaskógi eftir Thorbjörn Egner sýnd á Stóra sviði Þjóðleikhússins.

20.00 Grease í Borgarleikhúsinu.

21.00 Björk Jakobsdóttir flytur einleik sinn, Sellófon, í Iðná.

LISTOPNANIR

14.00 Þýski myndlistarmaðurinn Rolf Bier sýningu á verkum sínum í GUK+ undir yfirskriftinni Hvernig er hægt að lengja dvölina. Sýningin verður opnuð klukkan 14 í garði á Selfossi, klukkan 16 í skúr í Lejre, Danmörku og einnig klukkan 16 í eldhúsi í Bremen, Þýskalandi. Rolf Bier verður sjálfur viðstaddur opnunina í Bremen. Sýningin stendur til 2. nóvember.

SKEMMTANIR

16.00 Rekstrarsjón með línudansi á Hótel Borg. Kaffi og terta innifalið í 1.950 kr. aðgangseyri.

20.00 Capri-trío leikur fyrir dansi í Ásgarði, Glæsibæ.



KK og Maggi Eiríks eru með tónleika á Kaffi Krók, Sauðárkróki.

Hljómsveitin Dans á rósum frá Vestmannaeyjum skemmtir á Odd-Vítanu, Akureyri.

Blues Binns á Víðalín.

ÚTIVIST

10.00 Dagsferð Ferðafélags Íslands. Gengið verður á Botnssúlur nánar til tekið á Syðstusúlu. Gangan hefst við Svartagil og endar í Botnsdal. Áætlað er að gangan taki 6 til 7 tíma, hækkan 1000 m. Fararstjóri Höskuldur Friðmannsson.

11.00 Safnaganga um miðbæ Hafnarfjarðar. Lagt verður af stað í húsa-göngu frá Smiðjunni Strandgötu 50 og gengið á milli safnahúsanna í fylgd Kristjáns Bersa Ólafssonar. Gangan er í boði Byggðasafns Hafnarfjarðar.

FUNDIR

13.30 Í tilefni af alþjóðadegi Alzheimersjúklinga gengst félag áhugasóknar og aðstandenda Alzheimersjúkra og heilabilaðra á Norðurlandi fyrir fræðsludegi á Akureyri að Skípagötu 14 í Alþýðuhúsinu, 4. hæð.

15.00 Í tilefni af alþjóðadegi Alzheimersjúklinga verður fundur í húsi Pharnanor að Hörgatúni 2, Garðabæ. Andrés Ragnarsson sálfræðingur flytur erindi og Soffía Egilsdóttir félagsráðgjafi ræðir um starfið. Spurt og spjall-að undir hlöðnu kaffiborði.

DANSLIST

Mæja, myndlistarkona, sýnir málverk sín í Hitaveitu Suðurnesja í Hafnarfirði en sýningin ber heitið Losti & Prá. Sýningin er opin alla virka daga kl. 8-16.

SÝNINGAR

Yfir bjartsýnisbrúna - Samsýning alþýðulistar og samtímalistar nefnist sýning sem Listasafn Íslands hefur unnið í samstarfi við Safnasafnið á Svalbarðsströnd við Eyjafjörð. Hér leiða saman hesta sína tuttu og fimm listamenn sem ýmist kenna sig við alþýðulist eða samtímalist. Sýningin verður í Hafnarhúsinu til 2. nóvember.

Vögguvísur nefnist innsetning Bryndísar Snæbjörnsdóttur og Mark Wílsons í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi, sem opnuð verður í dag. Sýningin stendur til 2. nóvember.



Elín Hansdóttir myndlistarmaður, sem útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands nú í vor, sýnir nú verk sín í Gallerí Dvergi, Grundurveg 21, 101 Rvk. Sýningin, sem kallast „Big Bird“, er opin fimmtudag til sunnudags kl. 17-19 og stendur til 4. október.“

MYNDLIST

Yfir bjartsýnisbrúna

Nútímamyndlist og alþýðulist hafa löngum þótt andstæðir pólar í myndlist og eiga fátt sameiginlegt. Myndlistarmaðurinn og safnstjórinn Niels Hafstein er bjartsýn maður og fer létt með að brúa þetta óbrúanlega bil á sýningu sem opnuð var í gær í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu.

Á sýningunni gætir ýmissa grasa. Þarna eru verk eftir fám listamenn af yngri kynslóðinni innan um algerlega óþekkt alþýðufólk sem hefur áratugum saman stundað list sína í kyrrþey.

Niels á sjálfur hæg heimatökin með að velja verk alþýðulistamanna á sýninguna. Hann er forstöðumaður Safnasafnsins á Svalbarðsströnd, þar sem hann hefur markvisst sankað að sér verkum eftir alþýðulistamenn víða um land með stuðningi hins opinbera.

„Smám saman höfum við verið að vikka út svæðið, fara meira inn til dala og út af þjóðvegnum. Oft finnst fólki þetta ekki merkilegt sem það er að gera,“ segir Niels. „Margir verða furðu lostnir þegar allt í einu bankar upp á hjá þeim maður frá listasafni sem reidir fram fé og vill fá að kaupa af þeim listaverkin.“

Sýningin Urmull eftir listakonuna Snjólaugu Guðmundsdóttur stendur yfir í Listasafni Borgarinnar, sem er til húsa í Safnahúsi Borgarfjarðar, Bjarnarbraut 4-6, Borgarnesi. Urmull er handverks- og listasýning og eru öll verkin á sýningunni unnin úr ull.



Sýningin Grasrót 2003 verður opnuð í Nýlistasafninu. Að þessu sína verk sín þau Arndís Gísladóttir, Baldur G. Bragason, Birgir Örn Thoroddsen, Birta Guðjónsdóttir, Bryndís E. Hjálmsdóttir, Bryndís Ragnarsdóttir, Elín Helena Evertsdóttir, Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, Hrunn Jóhannesdóttir, Hugunn Þór Arason, Hugleikur Dags-son, Magnús Árnason og Rebekka Ragnarsdóttir. Sýningarstjórar eru Dorothee Kirch og Erling T.V. Klingenberg.

Yfirlitssýning á verkum Júlíönu Sveinsdóttur (1889-1966) stendur yfir í

Umfiöllun kvikmyndir

Of stór skammtur

Hasarmyndin Bad Boys kom leikstjóranum Michael Bay og leikurunum Will Smith og Martin Lawrence á kortið. Bay hefur verið að sprengja hluti í tætlur fyrir framleiðandann Jerry Bruckheimer síðan þá, Smith hefur átt misgóða daga en leiðin hefur legið stöðugt niður á við hjá Lawrence. Það þarf því engan að undra eð leikararnir hafi viljað hverfa aftur til fortíðar og endurtaka leikinn frá 1995.

Þeir sem kunnu að meta þá mynd vita upp á háir að hverju þeir ganga í Bad Boys II enda hefur Bay ekki séð ástæðu til að breyta formlunni sem samantóð af hrærigrætt spennu og gríns. Bay kann fátt annað en að drepa fólk með látum, sprengingum, árekstrum, skotbardögum og öðru slíku.

Sagan er þynnri og ófyndnari en í fyrri skiptið og hafi einhver neisti verið á milli aðalleikaranna Árið 1995 er hann dauður nú. Því breiðir yfir þessa galla með því að stíga allt í botn þannig að önnur



NIELS HAFSTEIN

Teflir saman alþýðulist og nútímalist í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu.

Hann segir þess dæmi að fjölskyldur hafi kallað saman fund um það hvernig eigi að bregðast við mannum frá listasafninu, sem er að gera at í gamla frændanum.

Niels er ekki síður heima í nútímalistinni og er meðal annars einn af stofnum Nýlistasafnsins.

Hann segir lærða myndlistarmenn vera að nálgast æ meir það arlist alþýðunnar.

„Þeir eru farnir að leita meira

til upprunans, taka fyrir þjóðsögur og sagnir, minni og hefðir.“

Hann tekur samt fram að nútímalistamenn séu ekkert að búa til alþýðleg verk neitt sérstaklega í þeim tilgangi að vera alþýðlegir. „Þeir eru bara svona blátt áfram í þessu eins og allir aðrir. Þess vegna fannst mér kominn tími til að alþýðulistinn kæmi inn í svona stórt rými þar sem hún mætti lærdú listinni á jafnréttisgrundvelli.“

gudsteinn@frettabladid.is

Listasafni Íslands. Á sýningunni eru yfir 100 verk, málverk og vefnaður, sem varpa ljósi á feril þessa merka brautryjenda íslenskrar myndlistar. Sýningin stendur til 26. október.

Bubbi, Guðbjörn Gunnarsson, skulptúristi og Jóhann G. Jóhannsson, myndlistar- og tónlistarmaður eru með samsýningu í Húsi málarauna, Eiðistorgi. Sýningin stendur yfir til 28. september og er opin fimmtudaga til sunnudags kl. 14-18.

Þrjár einkasýningar eru nú í Listasafni Kópavogs-Gerðarsafni. Helgi Hjaltalin Eyjólfsson er í Austursal með sýninguna Skraut/Kjóraðstæður þar sem hann sýnir skulptur- og ljósmyndaverk. Sýning Katrínar Þorvaldsdóttur í vestursal heitir Borðhald/Ef ég segi þér hver ég er þá gleymir þú hver ég var. Á neðri hæð safnsins opnar Olga Bergmann í samstarfi við stofnun Dr. B sýninguna Náttúrugripasafn. Sýningarnar standa til 5. október. Safnið er opið alla daga frá kl. 11.00-17.00 nema mánu-daga.

Vögguvísur nefnist innsetning Bryndísar Snæbjörnsdóttur og Mark Wílsons í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi, sem opnuð verður í dag. Sýningin stendur til 2. nóvember.

Í Sværrissal Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar, stendur yfir sýning á málverkum Kristbergs Þórunnarsonar. Sýningunni lýkur 6. október.

Sigrún Huld Hrafnadóttir og Þórey



BAD BOYS II

Leikstjóri: Michael Bay
Aðalhlutverk: Martin Lawrence, Will Smith

eins keyrsla hefur ekki sést í bíó lengi. Þetta skilar tilætluðum árangri framan af og maður unni sæll við sitt þó maður viti varla hvað sé í gangi. Bay gengur þó því miður of langt og þegar Mi-ami-löggurnar fara í herleiðangur til Kúbu er manni öllum lokið. 147 mínútur af innihaldslausum sprengingum, byssbardögum, fáklaðdum gellum og testósteróntröllum að hnykla vöðvana eru bara of mikið af því góða.

Þórarinn Þórarinnsson.

Rut Jóhannesdóttir sýna á Kjarvalsstöðum í tengslum við listahátíðina List án landamæra.

Ingridur Ólafsdóttir sýnir textilverk í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Mið-mán 11-17 til 6. október.

Sýning Ingu Jónsdóttur stendur yfir í Ásmundarsal og Gryfju Listasafns ASÍ við Freyjugötu. Sýninguna nefnir hún Ryk. Í Arinstofu stendyr yfir sýning á verkum Kristins Þórunnarsonar og nefnist hún Tófráttakn.

Teikningar sjó til sextán ára barna í Hafnarfirði og hugmyndir þeirra um vinabæjarsamstarf Hafnarfjarðar og Cuxhaven eru sýndar í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Sýningin stendur til 6. október.

María Guðnadóttir er með myndlistarsýningu á Kaffi Expresso í Spönginni Grafarvogi. Sýningin stendur frá til 7. október.

Safn, samtímalistasafn á Laugavegi 37, er opið miðvikudaga til föstudaga frá kl 14-18 en til 17 laugardaga og sunn- daga.

Sýningin „Safneignin og samtíminn“ í Listasafni Árnesinga er opin milli 14 og 18. Síðasti sýningardagur er á morgun. Aðgangur er ókeypis.



JÓN PÁLL EYJÓLFSSON

Besta laugin er í viðgerð núna Ben það er gamla Sundhöllin í Keflavík,“ segir Jón Páll Eyjólfsson leikari. „Þar lærði ég að synda og þetta er mjög heimilisleg laug. Hún er alveg niðri við sjó og sem gutti fór maður með blautt hárið og lék sér í klettunum fyrir aftan lagina.“ Jón Páll leikur um þessar mundir í Grease og íslenska gamanleikritinu Ráðalausir menn í Tjarnarbrú: „Á milli leiksýninga dýfi ég mér stundum í pottana í Laugardal- num.“

Námskeið í vörustjórnun

Námskeiðið er ætlað innkaupa- og lagerstjórum, lagermönnum, framleiðslustjórum, verkstjórum í framleiðslu, sölustjórum, stjórnendum í dreifingu, framkvæmdastjórum minni fyrirtækja, gæðastjórum og yfirmönnum tölvumála.

Helstu þættir: Vörustjórnun, birgða- og lagerstjórnun, vörudreifing, upplýsingatækni, strikameringar, rafræn viðskipti, skilvirk neytendasvörum (ECR) og greining og lausn vandamála.

Námskeiðið er 2 dagar og hefst **30. september** nk.

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Iðntæknistofnun** í síma **570 7100** og á vefsíðu okkar **www.iti.is**

NÁMSKEIÐ



Iðntæknistofnun